



DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Til: Allsherjar- og menntamálanefndar

Frá: Skrifstofu réttinda einstaklinga

3. maí 2024

Efni: Minnisblað um áhrif styttingu gildistíma dvalarleyfa og þrengingu skilyrða fyrir fjölskyldusameiningar á inngildingu hér á landi

Á fundi allsherjar- og menntamálanefndar 2. maí sl. var samþykkt með vísan til 51. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, að óska eftir því að ráðuneytið tæki saman minnisblað um mat á því hvaða áhrif stytting dvalarleyfa og þrenging skilyrða fyrir fjölskyldusameiningar hafi á inngildingu umsækjenda um alþjóðlega vernd hér á landi, sbr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd), sbr. þingskjal 1084-722. mál.

Í beiðni nefndarinnar er spurt hvaða áhrif umræddar breytingartillögur muni hafa á inngildingu „umsækjenda um alþjóðlega vernd“. Eðli málsins samkvæmt varða ákvæði frumvarpsins um styttingu gildistíma dvalarleyfa og biðtíma fyrir fjölskyldusameiningu einstaklinga sem hlotið hafa dvalarleyfi hér á landi á grundvelli alþjóðlegrar verndar, viðbótarverndar eða mannúðarsjónarmiða. Neðangreind svör ráðuneytisins munu því lúta að inngildingu þeirra ekki umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Áréttað er að alþjóðleg vernd er tímabundin í eðli sínu. Almennt er gert ráð fyrir því að fólk snúi aftur til síns heima ef ástandið í heimaríki breytist til hins betra. Í því samhengi má benda á að í 48. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, er kveðið á um heimild til að afturkalla alþjóðlega vernd, þ. á m. ef útlendingur getur ekki lengur neitað að hagnýta sér vernd heimalands síns vegna þess að aðstæður þær sem höfðu í för með sér að hann var viðurkenndur flóttamaður eru ekki lengur fyrir hendi. Þá er í 59. gr. laganna kveðið á um heimild til að afturkalla dvalarleyfi útlendinga ef ekki eru lengur uppfyllt skilyrði fyrir veitingu þess.

Að þessu sögðu telur ráðuneytið að stytting gildistíma dvalarleyfa, líkt og lagt er fram í frumvarpinu, hafi takmarkaðar íþyngjandi afleiðingar fyrir þá einstaklinga sem breytingin hefur áhrif á. Helgast það af því að á grundvelli gildandi laga er þeim nú þegar ráðlagt að sækja um endurnýjun dvalarleyfis á grundvelli alþjóðlegrar verndar þegar þeir sækja um ótímabundið dvalarleyfi. Er það gert vegna þess að málsmeðferðartíminn er langur og afar óheppilegt fyrir einstaklinga að vera án dvalarleyfis á meðan beðið er niðurstöðu umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi. Þá er einstaklingurinn í betri réttarstöðu með gilt dvalarleyfi ef til synjunar kemur á umsókn um ótímabundið dvalarleyfi. Þá yrði þessi breyting í samræmi við framkvæmd annars staðar á Norðurlöndum, líkt og rakið hefur verið í fyrri minnisblöðum til nefndarinnar. Undirstrikað er að dvalarleyfishafar á öðrum grundvelli en alþjóðlegrar verndar hér á landi þurfa einnig að sækja um endurnýjun leyfa sinna áður en til veitingu ótímabundinna dvalarleyfa kemur, en inngilding þeirra er ekki síður mikilvæg. Að mati ráðuneytisins mun sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu hafa þau áhrif að ferlið frá fyrstu umsókn og að útgáfu ótímabundins dvalarleyfis verði skýrara og framganga frá einu leyfi til annars eðlilegri en nú er. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar á bls. 7-8 í minnisblaði ráðuneytisins til nefndarinnar frá [19. apríl 2024](#).

Hvað varðar biðtíma fyrir fjölskyldusameiningar handhafa viðbótarverndar og dvalarleyfa á grundvelli mannúðarsjónarmiða telur ráðuneytið ekki útilokað að biðin geti, í ákveðnum tilvikum, haft áhrif á inngildingu þeirra hér á landi. Vert er þó að geta þess að kveðið er á um



DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

ákveðnar undanþágur frá þessum biðtíma, s.s. ef ríkar samgirnissástæður mæla með því vegna aðkallandi umönnunarsjónarmiða, auk þess sem biðtíminn á ekki við þegar um fylgdarlaus börn er að ræða. Þá tekur tillaga frumvarpsins um biðtíma mið af því sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum en þau gera að jafnaði ríkari inngildarkröfur sem skilyrði fyrir fjölskyldusameiningum, líkt og rakið hefur verið í fyrri minnisblöðum til nefndarinnar. Mannréttindadómstóllinn hefur sömuleiðis viðurkennt að einstaklingar sem flýja almenn aðstæðum, líkt og viðbótarvernd grundvallast á, geti að jafnaði haft tímabundnari þörf fyrir vernd, sbr. *M.T. og aðrir gegn Svíþjóð* frá 20. október 2022 í máli nr. 22105/18, 98. mgr. Að öðru leyti er vísað til bls. 5-7 í minnisblaði ráðuneytisins til nefndarinnar frá [19. apríl 2024](#).

Í febrúar 2024 sammæltist ríkisstjórnin um aðgerðir í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd, flóttafólks og innflytjenda.¹ Markmiðið er að stuðla að betri, skilvirkari og skýrari framkvæmd innan málaflokksins og bættri þjónustu til að renna styrkari stoðum undir stjórn útlendingamála. Með þessari heildarsýn er lögð áhersla á mannúð og virðingu og unnið gegn skautun í íslensku samfélagi. Horft er sérstaklega til framkvæmdar þessara mála á Norðurlöndum þannig að aukið samræmi sé á milli landa. Stjórnvöld ætla m.a. að draga úr útgjöldum og forgangsraða þeim fjármunum betur sem fara í málaflokkinn, t.d. stuðla að aukinni inngildingum. Að mati ráðuneytisins fellur frumvarpið, þ. á m. fyrirhugaðar breytingar á gildistíma dvalarleyfa og biðtíma fyrir fjölskyldusameiningu, vel að framangreindum markmiðum.

¹ [Stjórnarráðið | Heildarsýn í útlendingamálum \(stjornarradid.is\)](#)